



Mál: Ölfusvirkjun við Fjallið eina. Aðalskipulagsbreyting í Ölfusi og deiliskipulag.

Skipulags- og matslýsing til umsagnar.

Dags. 2. ágúst 2023

málsnúmer ONE: 23071007

Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs

Efnisyfirlit

- A. Skipulags- og matslýsing. Breyting á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 og deiliskipulag vegna smávirkjunar, maí 2023 - Nýtt orkuvinnslusvæði fyrir Ölfusvirkjun
 - a1. Inngangur
 - a2. Gögn máls
 - Skipulagslýsing
 - Rannsóknarleyfi
 - a3. Myndir/kort úr skipulagslýsingu - til útskýringa
- B. Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs

A. Skipulags- og matslýsing. Breyting á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 og deiliskipulag vegna smávirkjunar, maí 2023 - Nýtt orkuvinnslusvæði fyrir Ölfusvirkjun

a1. Inngangur

Kópavogsbæ hefur borist hefur beiðni um umsögn frá sveitarfélaginu Ölfusi í/um skipulagsgátt Skipulagsstofnunar samanber eftirfarandi:

From: Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is>
Sent: mánudagur, 17. júlí 2023 14:13
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Umsagnarbeiðni um mál nr. 0413/2023 í skipulagsgáttinni

Ágæti viðtakandi (Kópavogsbær),

Sveitarfélagið Ölfus hefur óskað eftir umsögn þinni við eftirfarandi mál í skipulagsgáttinni:

- Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag vegna Ölfusvirkjunar við Fjallið eina, nr. 0413/2023: Lýsing (Nýtt deiliskipulag)

[Smelltu hér](#) til að skoða málið nánar og til að bæta við þinni umsögn. Kynningartími er til 3.8.2023.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgáttin



a2. Gögn máls

Í skipulagsgáttinni er tengill á vefsíðu Mosfellsbæjar samanber eftirfarandi.

SVEITARFÉLAGID ÖLFUS

NYTT DEILISKIPULAG

IDNADARSVÆÐI

OPIN SVÆÐI

ORKUNYTING

VATNSVERND

Vakta mál

Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag vegna Ölfusvirkjunar við Fjallið eina

Upplýsingar um málið

Stefnt er að virkjun með framleiðslugetu allt að 9,8 MW af rafmagni og 49,5 MW af varma. Virkjuninni er ætlað að anna eftirspurn frá iðnaðarsvæðum við Þorlákshöfn.

Stefnt er að virkjun með framleiðslugetu allt að 9,8 MW af rafmagni og 49,5 MW af varma. Virkjuninni er ætlað að anna eftirspurn frá iðnaðarsvæðum við Þorlákshöfn.

Lýsing fjallar um fyrirhugaða jarðvarmavirkjun við Fjallið eina í Ölfusafrétti en rannsóknir benda til þess að þar sé að finna nægan jarðhita.

Skipulagslýsing var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. júní, í samræmi við 30. grein og 1. og 2. málsgrein 40. greinar skipulagstaga nr.123/2010.

Gögn málsins

Hægt er að hlaða niður einstaka skrár eða hlaða niður öllum neðangreindum gögnum í samþjappaðri möppu.

PDF

Ölfusvirkjun skipulagslýsing.pdf

↓

PDF

Auglýsing af heimasíðu.pdf

↓

PDF

Auglýsing úr Lögbertingablaði.pdf

↓

Sækja öll gögn (3)


↓

Rannsóknarleyfi


- Í inngangi skipulagslýsingar kemur fram að Orkustofnun gaf út rannsóknarleyfi árið 2018 til Reykjavík Geothermal ehf til rannsókna á mögulegum jarðhita í Ölfusafrétti í samræmi við lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Umsókn var framlengd 2021 til 30. júní 2025. Sjá má rannsóknarsvæði á /í Mynd 1-1 í skipulagslýsingu.

a3. Myndir/kort úr skipulagslýsingu - til útskýringa

- rannsóknarsvæði sbr. rannsóknarleyfi
- svæði sem er til skoðunar fyrir nýtt orkuvinnslusvæði



Mynd 1-1 Rannsóknarsvæði afmarkað með bláu, sbr. rannsóknarleyfi Orkustofnunar dags. 3.12.2018



Mynd 2-1 Sveitarfélagsuppráttur Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036, rauður hringur sýnir það svæðið sem til skoðunar er fyrir nýtt orkuvinnslsvæði



B. Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar

Kópavogsbæ hefur borist beiðni um umsögn frá sveitarfélaginu Ölfusi í/um skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- ✓ Mál sem um ræðir er: *Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag vegna Ölfusárvirkjunar við Fjallið eina, nr. 0413/2023: Lýsing (Nýtt deiliskipulag).*
- ✓ Til umsagnar er: *Skipulags- og matslýsing. Breyting á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 og deiliskipulag vegna smávirkjunar. Nýtt orkuvinnslusvæði fyrir Ölfusvirkjun.*

Í inngangi lýsingarinnar (1. kafla) kemur fram að rannsóknarsvæði - sem fjallað er um í kynntri skipulagslýsingu - nær yfir í Kópavog norður fyrir Vífilfell og Sandskeið, sjá mynd nr. 1-1 í kynntri skipulagslýsingu (bls 3 í umsögn þessari).

Jafnframt er á mynd nr. 2 -1 (bls 3 í umsögn þessari) svæði sem til skoðunar er fyrir nýtt orkuvinnslusvæði í Ölfusi. Svæðið liggur m.a. suðaustan við skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Skipulagsfulltrúi fyrir hönd Kópavogsbæjar leggur áherslu á eftirfarandi:

- Nauðsynlegt er að kortleggja áhrifasvæði fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar /-virkjunar.
- Nauðsynlegt er að gera grein fyrir með hvaða hætti ný Ölfusvirkjun hefur áhrif á svæði innan Kópavogs.
- Kallað er eftir að Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness verði umsagnaraðili tillögu að breytingu á aðalskipulagi m.a. vegna þess að umrætt rannsóknarleyfi nær til stórs svæðis í upplandi Kópavogs.

Skipulagsfulltrúi f.h. bæjarins áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar og athugasemdir á síðari stigum í skipulagsferlinu.